

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Kling og Bang.

### 1. gr.

#### Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Kling og Bang og starfar samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að annast liststarfsemi í viðum skilningi, reka sýningarrými og hafa umsjón með því húsnæði sem undir starfseminu er tekið hverju sinni. Er lögð áhersla á að koma á framfæri upprennandi listamönnum, sem og að sýna verk myndlistarmanna sem sjaldan hafa komið fyrir augu almennings hérlandis. Ásetur stofnunin sér að veita almenningi greiðan aðgang að samtímalist án endurgjalds.

Fjármunum stofnunarinnar skal einungis ráðstafað í sýningarhald, viðburði, útgáfu og aðra tengda starfsemi ásamt því að standa straum af rekstri húsnæðis undir starfseminu.

### 4. gr.

#### Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Kling og Bang Gallerí ehf., kt. 560104-3160.

### 5. gr.

#### Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.351.000 sem er lagt fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnuninni er heimilt að taka við framlögum sem henni berast.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og tveimur varamönnum. Stjórnin skal kosin til eins árs og kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn Kling og Bang skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

### 7. gr.

#### Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar skal vera almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Fyrsta reikningstímabil stofnunarinnar er frá stofnun og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. eða skyldra markmiða. Skal eignum ráðstafað til aðila sem hafa sömu markmið og Kling og Bang.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 22. júlí 2022,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*